

## Af sænskum „selum“

Af „Öldungadeildum“ á Norðurlöndum sýnist mér hvað mest líf í Sveriges Äldre Läkare eða SÄL innan vébanda Sveriges Läkarförbund. Meðlimir eru vel á 3. þúsund og er félaginu skipt í svæðisfélög. Haldinn er vor- og haustfundur í aðalfélaginu og er annar þeirra aðalfundur. Svæðisfélögin halda svo fáeina fundi á ári, oftast með fræðandi fyrirlestrum. „Selirnir“ eins og þeir kalla sig halda úti myndarlegu blaði sem kemur út fjórum sinnum á ári. Í því er lögð áhersla á stöðu eldri lækna innan samfélagsins og lækna-stéttarinnar. Loks standa selirnir fyrir ferðum víða um heim, árið 2013 til fjögurra landa.

Heimasíða SÄL er: [www.sl.se/sal](http://www.sl.se/sal)

PÁ

## Öldungasíðan

Þessi síða Öldungadeildar LÍ er hin tuttugasta í *Læknablaðinu*. Sú fyrsta birtist í septemberblaðinu 2010. Í byrjun var síðan í hverju blaði en 2012 í öðru hverju blaði og mun svo verða um sinn. Undantekningarlítið hefur okkur verið ætluð ein blaðsíða.

Á fyrstu öldungasíðunni var þess getið að henni væri ætlað að flytja fréttir og fróðleik. Viðruð var sú von að efnið höfðaði til fleiri en aldraðra lækna. Hefur mér heyrst að það hafi að nokkru ræst. Hvatt var til að félagar legðu henni til efni. Heimtur hafa reynst dræmari en vænst var. Auk mín hafa sjö félagar hlýtt kallinu, þar af einn fjórum sinnum. Efni síðunnar hefur verið allfjölbreytt en misgott eins og gengur. Birst hafa minningabrot, ferðasögur, sögulegir pistlar, efni úr gömlum Læknablöðum, ferðasögur og ljóð.

Öldungasíðunni verður því aðeins langra lífdaga auðið að á henni birtist áhugavert efni. Það á ekki að vera verk eins manns að tína það saman. Ég ítreka ákall mitt til félaga minna að leggja síðunni til efni í bundnu sem óbundnu máli, frum-samið sem endursagt, gaman sem alvöru.

Ég veit að þið lumið á því.

PÁ

## Fundurinn um Almenna lífeyrissjóðinn

**Benedikt Ó. Sveinsson**

læknir

[ben@centrum.is](mailto:ben@centrum.is)

Þann 10. janúar síðastliðinn boðaði stjórn Læknafélags Íslands til félagsfundar um málefni Almenna lífeyrissjóðsins. Tílefnið var að kynna fyrir okkur læknum niðurstöður faghóps lækna sem hafði tekið að sér fyrir stjórn LÍ að rýna í úttektarskýrslu rannsóknarnefndar lífeyrissjóða sem út kom í byrjun árs 2012. Faghópurinn, undir formennsku Andrésar Magnússonar læknis, tók að sér að kanna hvað fór úrskeiðis við gríðarlegt tap Almenna lífeyrissjóðsins í og við bankahrundi mikla. Fram kom á fundinum að tap sjóðsins hefði numið allt að 30 milljörðum. Faghópurinn notaði úttektarskýrslu rannsóknarnefndarinnar sem meginheimild og reyndi í niðurstöðu sinni að skrifa og útskýra á „mannamáli“ þau atriði skýrslunnar sem lúta að Almenna lífeyrissjóðnum og varða hagsmuni okkar lækna í þessu máli.

Fagna ber framgöngu stjórnar LÍ í að hrinda þessu máli í framkvæmd, enda hefur mikil reiði kraumað undir niðri hjá mörgum sjóðfélögum að sjá skyldusparnað sinn rýrna svo sem raun ber vitni. Fundurinn var vel kynntur og vel sóttur, en þar höfðu framsögu fulltrúar LÍ og Almenna lífeyrissjóðsins. Þar fengust svör við mörgum spurningum sem varpa betra ljósi á það sem úrskeiðis fór og hvert skal stefnt í framtíðinni.

Ræður frummælenda voru skýrar og málefnalegar, en á köflum nokkuð tilfinningahlaðnar því gagnrýnin var stundum beitt, sem snerti fínar taugar þeirra er í hlut áttu. Það sem vakti hins vegar sérstaka athygli mína á þessum

fundum og er tílefni þessa pistils er síðari ræða formanns Almenna lífeyrissjóðsins og aðkoma hans að málinu í heild. Er umræður hófust eftir framsöguerindi steig á ný í ræðustól félagi okkar og fyrirverandi formaður LÍ, Sigurbjörn Sveinsson sem nú er formaður Almenna lífeyrissjóðsins. Hann fór mikinn, varði gjörðir sjóðsins og andmælti aðkomu LÍ og faghóps okkar lækna að þessu máli. Las hann síðan upp og varpaði upp á skjá bókun frá stjórnarfundum í Almenna lífeyrissjóðnum, sem hann sagði að hefði verið samþykkt samhljóða deginum áður. En sú bókun gengur út á það að fá óvilhallan lögfróðan einstakling með bókhaldsþekkingu til að rýna í og gera úttekt á þeirri gagnrýni og vinnubrögðum sem faghópur okkar lækna og stjórn LÍ var að kynna á fundinum.

Veit félagi Sigurbjörn ekki sinn vitjunartíma í þessu máli? Sem fyrirverandi formaður LÍ og nú óbreyttur félagsmaður í LÍ og fyrrum stjórnarmaður í Almenna lífeyrissjóðnum og nú starfandi formaður Almenna lífeyrissjóðsins er hann fullkomlega vanhæfur til að fást við þessi mál fyrir hönd stjórnar Almenna lífeyrissjóðsins gagnvart stjórn LÍ og læknaþópnum í heild. Í mínum huga hefði hann átt að víkja sæti strax er erindi þetta barst Almenna lífeyrissjóðnum til að koma í veg fyrir þá togstreitu sem nú virðist ríkja milli stjórnar LÍ og stjórnar Almenna lífeyrissjóðsins.

Tillagan sem hann kynnti á fundinum og var samþykkt samhljóða í stjórn Almenna lífeyrissjóðsins er aðeins til að auka flækjustigið í málinu og viðhalda tortryggni félagsmanna LÍ í garð Almenna lífeyrissjóðsins. Mál er að linni.

Reykjavík, 14. janúar 2013